

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2015, þriðjudaginn 17. nóvember, var haldinn 123. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði í Grafarvogi og hófst fundurinn kl. 17:15. Viðstödd voru Bergvin Oddsson, Guðbrandur Guðmundsson, Gísli Rafn Guðmundsson og Elísabet Gísladóttir. Auk þeirra sátu fundinn Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Margrét Richter, sérfræðingur fjármála og rekstrar í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram kjörbréf. Nýr varamaður hverfisráði Grafarvogs verður Haraldur Karlsson sem tekur sæti Sævars Jökuls Björnssonar.
2. Lagt fram svar USK, dags. 22.09.2015, vegna fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um umferðarhraða í Hamrahverfi. Hverfisráðs Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs mælist til að leyfilegur umferðarhraði sé samræmdur innan hverfa við grunn- og leikskóla í Grafarvogi.

3. Lagt fram svar SFS, dags. 25.09.2015, vegna fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um frístundastrætó. Ákveðið er að afla nánari upplýsinga frá fulltrúum Strætó og Íþróttafélaginu Fjölni.

- Kl. 17:35 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.

4. Lagt fram útskrift úr gerðarbók USK, frá 21.10.2015, vegna Gylfaflatar 2-4, 6-8, 10-12 og 14. Hverfisráðs Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs fagnar að tenging frá Hallsvegi að Bæjarflöt hefur verið felld úr deiliskipulagsbreytingu. Hverfisráðið fer einnig fram á að hringtorg á þessum stað verði ekki sett aftur á dagskrá þegar yfirráð yfir Hallsvegi færast frá Vegagerðinni til borgarinnar eftir 2 ár. Hverfisráð kallar eftir framtíðarskipulagi umferðartengingar við Gylfaflöt þar sem ekki er gert ráð fyrir þessu hringtorgi og fer fram á að fá að taka virkan þátt í vinnu við gerð skipulagsins, enda eru ýmsir kostir í boði.

- Kl 18:00 tekur Trausti Harðarsson sæti á fundinum.

5. Kynnt breyting á framkvæmd á verkefninu Betri hverfi fyrir árið 2016. Ákveðið að fresta ályktun þar til á næsta fundi.

6. Rætt um opinn fund hverfisráðsins sem haldinn var 21. október síðastliðinn. Hverfisráðs Grafarvogs leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs lýsir yfir ánægju með íbúafundinn um umferðaröryggi sem haldinn var 21. október 2015. Fundurinn fór vel fram og þátttaka íbúa hverfisins var til fyrirmyndar. Gagnlegar ábendingar bárust frá fundarmönnum sem koma hverfisráði að notum. Hverfisráði þykir leitt að all flestir kjörnir borgarfulltrúar létu þetta tækifæri, til að hitta íbúa hverfisins, framhjá sér fara.

Umræða um undirbúning fyrir næsta opna fund sem verður haldinn á næstunni og verður um íþrótta og tólmstundarmál. Formanni er falið að undirbúa þann fund með hagsmunaaðilum og borgarstjóra.

Fundi slitið kl. 18:30

Bergvin Oddsson

Guðbrandur Guðmundsson
Herdís Anna Þorvaldsdóttir

Gísli Rafn Guðmundsson
Elísabet Gísladóttir